


**Grunnmynd efri hæðar**
mkv. 1:100




**Afstöðumynd**
mkv. 1:500

## BYGGINGARLÝSING

Húsið, sem er tveggja hæða einbýli með innbyggðri bílageymslu er staðsteypt og hvílir á sökkli og plötu úr járnbentri steinsteypu. Á húsinu er timburþak klætt þakpappa og bárujárni. Innveggir eru ýmist forsteyptir eða úr grind klæddri gipsi.

ÞAK. Þak er gert úr 225x50mm sperrum sem hvíla á staðsteyptum útveggjum og stálbitum. Einangrað með 200mm þakull, klætt með borðaklæðningu, þar ofan á kemur pappaklæðning (þakpappi 3mm SPS (3.5kg/m2) festur og bræddur saman) og bárujárn á lektugrind. Loftun þaksins er um 2x40mm loftunarrör m. neti í hvorn enda hvers sperrubils. Neðan á sperrur er loftaklæðning, fest á raflagnagrind. Þakhalli er 5°.

ÚTVEGGIR. Útveggir eru staðsteyptir. Aðallitur er hvítur, en á jarðhæð eru dökkgráir fletir. Vönduð timburklæðning er á SV-hlið hússins, t.d. sedrus.

GLUGGAR. Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar settir eftirá í útvegg. Tvöfalt K-gler er í gluggum og 14mm loftbil.

SÖKKULL OG GÓLFPLATA. Sökkull og gólfplata eru úr járnbentri steinsteypu. Einangrað innan á sökkla og undir plötu með 75mm polystyren einangrun.

INNVEGGIR. Innveggir eru ýmist forsteyptir eða úr 90mm grind klæddri gipsi. Vegg- og loftaklæðningar í bílageymslu eru í flokki 1 - aðrar klæðningar eru amk í flokki 2.

LAGNALEIÐIR OG NIÐURFÖLL. Neysluvatnslagnir eru rör í rör plastlagnir í gólfplötum með deilikistum í bílskúr. Gólfhitalagnir verða í húsinu, en lagnir að ofnum verða rör í rör plastlagnir. Lagnir milli hæða eru staðsettar í léttum milliveggjum og einangrun útveggja. Inntök veitna í samráði við viðkomandi veitustofnanir. Koma skal fyrir gegnumstreymisniðurföllum í öllum votrýmum íbúðar, þ.e. snyrtingum og þvottahúsi, og í bílageymslu.

LOFTRÆSTING LOKAÐRA RÝMA. Loftræsta skal öll gluggalaus rými, annað hvort með útblæstri um veggviftur eða loft-túður.

BRUNAVARNIR. Bílageymsla skal hólfuð af með Ei-60 veggjum með vegg- og loftaklæðningu í flokki 1. Aðrar klæðningar í húsinu skulu ekki vera lakari en í flokki 2. Í hverju svefnherbergi skal vera samþykkt björgunarop. Koma skal fyrir reykskynjurum skv. grunnmynd. Öll efni og vinna skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð, viðkomandi ÍST staðla og reglugerð um brunavarnir.

LÓÐARFRÁGANGUR. Frágangur lóðar á lóðamörkum skal unnin í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

STÆRÐIR SKV. SKRÁNINGARTÖFLU:

Heildarflatarmál / birt flatarmál: 267,2m2
Heildarrúmmál: 893,2m3
Skiptarrúmmál: 714,018m3

Lóðarstærð er 781,8m2, nýtingarhlutfall=0,34

**KÓLNUNARTÖLUR (hámarksgildi):**

| | |
|---|---|
| Útveggir | 0.4 W/m2K |
| Útv. (vegið meðaltal) | 0.85 W/m2K |
| Þak | 0.2 W/m2K |
| Gólf á fyllingu | 0.3 W/m2K |
| Gluggar og gler | 2.0 W/m2K |
| Hurðir | 3.0 W/m2K |

HV= Inntak hitaveitu
VV= Inntak vatnsveitu
RV= Inntak rafveitu
S= Inntak síma
LR= Loftræst rými
GN= Niðurfall
ÞNF= Þakniðurfall

BO STÆRÐ — Björgunarop
EI-60 — Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu.
EICS-60 — Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu.
R — Reykskynjarar

Samþykkt þann
2 1 MARS 2007
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Kristján Þórarinsson

VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf - Gunnarssundi 5 - 220 Hfj. - sími: 565 9779
KÁRI EIRÍKSSON arkitekt FAÍ - kt: 070365-4059 - email: kari@aok.is - www.aok.is

aOK!

verk **Hlíðarás 18, Hafnarfirði**
**EINBÝLISHÚS**

| teikning | teikning nr. |
|---|---|
| **Grunnmynd efri hæðar** / **byggingarlýsing - afstaða** | **0629 201** |
| **AÐALUPPDRÁTTUR** | |

| hannað | teiknað | dags. |
|---|---|---|
| KE | KE | 12.mar.2007 |
| mkv. | tölvuskrá | prentað |
| 1:100 / 500 | 0629-201.dwg | 12.mar.2007 |

blaðstærð **A2**

**Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð. Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum. Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar.**